



GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Reykhólahreppi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr. sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- 2.1 Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
Einbýlishús kr. 202.667
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð kr. 170.667 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum kr. 145.339 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri kr. 123.170 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri kr. 104.381 pr. íbúð
- 2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötu allt að 500 m² kr. 202.667
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötu stærri en 500 m² kr. 273.600
- 2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús stærri en 50 m² kr. 202.667

Smáhýsi allt að 10 m² kr. 15.238

Smáhýsi frá 10 m² að 25 m² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús) kr. 50.667

Frístundahús 25-50 m² kr. 101.333

Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, og

viðbyggingar allt að 20 m² kr. 50.667

Viðbyggingar 20-100 m² kr. 101.333

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m² kr. 101.333

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m²

skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði

sem byggt er við.

Vélageymslur/korngeymslur allt að 150 m² (ef stærra en 150 m²,

gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði) kr. 114.286

Fjárhús, fjós og hesthús og/eða sambærileg hús allt að 150 m²

(ef stærra en 150 m², gildir sama gjald og um væri að ræða

atvinnuhúsnæði) kr. 114.286

Gróðurhús allt að 150 m² (ef stærra en 150 m², gildir sama

gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði) kr. 114.286

Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði

Reykholahrepps fullbúin og sett á tilbúna undirstöður kr. 101.333

3. gr.

Þjónustugjöld.

- 3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

3.1.1 Afgreiðslugjald kr. 13.867

3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttar kr. 17.448

3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla kr. 44.952

3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta kr. 44.952

3.1.6 Úttekt vegna byggingarstjórnaskipta kr. 44.952

3.1.7 Úttekt vegna rekstrarleyfis kr. 44.952

3.1.8 Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði kr. 44.952

3.1.9 Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði kr. 44.952

3.1.10 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi kr. 42.225

3.1.11 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5 kr. 5.790

3.1.12 Tímabundin stöðuleyfi kr. 27.429

3.1.13 Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft kr. 35.200

3.1.14 Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi kr. 49.981

3.1.15 Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs kr. 27.429

3.1.16 Aukaúttekt kr. 15.848

3.1.17 Aukamæling á útsetningu húss kr. 77.714

3.1.18 GPS mæling/lóðaruppdráttur (4-6 punktar) kr. 68.571

Útprintun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvít):

A4 = kr. 61

A3 = kr. 130

A2 = kr. 457

A1 = kr. 762

Útprintun á deiliskipulagsuppdráttum o.fl. í lit:

A4 = kr. 229

A3 = kr. 381

A2 = kr. 762

A1 = kr. 1524

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:
- Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér.
- Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum auglýsinga og kynninga vegna málsins.
- 4.2 Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.
- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprtrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímargjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 13.714 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.
- Kostnaður vegna skipulagsvinnu.
- 4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:
- Afgreiðslugjald kr. 13.867
- Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., kafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald 13.714 kr./klst.
- Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. kr. 411.429
- Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. kr. 274.286
- 4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:

Afgreiðslugjald kr. 13.867

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., krafið skv. útlögðum

kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 13.714

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. kr. 182.857

4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., krafið

skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 13.714

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr.

1. mgr. 43. gr. kr. 182.857

4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., krafið

skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 13.714

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga,

sbr. 2. mgr. 43. gr. kr. 60.952

4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:

Grenndarkynning kr. 60.952

Grenndarkynning, minniháttar kr. 26.667

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.

4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

4.11 Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.

4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:

Afgreiðslugjald kr. 13.867

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um

mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, krafið skv. útlögðum

kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 13.714

Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, krafið skv. útlögðum

kostnaði, viðmiðunargjald kr./klst. 13.714

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalín

í framkvæmdaleyfisgjaldi kr. 13.867

Umsýsla og yfirferð gagna kr. 21.333

Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar kr. 13.867

Áfangaúttekt kr. 55.010

5. gr.

Gjald dagi, lögveð.

- 5.1 Gjald dagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjald dagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjald dagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2022 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í desember 2022 er 176,2 stig.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 19. desember 2022 er í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur út gildi gjaldskrá sama efnis nr 1284/2013.

Reykhólahreppi 19. desember 2022

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

sveitarstjóri